

LÖG

um

12

15. júní

breytingar á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í dönsku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett danskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

2. gr.

Aftan við kröfurnar um kunnáttu í ensku, í 6. gr., bætist: svo og að geta skrifað nokkurnveginn rjett enskan stíl um samskonar efni og hefir verið lesið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

13

15. júní

breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 9. gr. laganna komi: febrúarmánuði í stað „janúarmánuði“, og 1. mars í stað „1. febrúar“.

13

15. júní

2. gr.

Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maímánaðar í stað „1. dag aprílmánaðar“, og 1. dag júnímánaðar í stað „1. dag maímánaðar“.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

14

15. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum